



## Alþýðusamband Íslands

### Umsögn miðstjórnar ASÍ

um tillögu Verkalýðsfélags Akraness  
til ályktunar er lýtur að afnámi verðtryggingar

Eftirfarandi tillaga hefur borist frá stjórn og trúnaðarráði Verkalýðsfélags Akraness.

#### **Ályktun**

#### **Afnám verðtryggingar**

*Þing Alþýðusambands Íslands skorar á Alþingi Íslendinga að afnema án tafar verðtryggingu á neytendalánum til einstaklinga og heimila enda er hér um að ræða samfélagslegt mein sem hefur leikið skuldsett heimili skelfilega á liðnum árum og áratugum.*

*Þing ASÍ lýsir yfir undrun sinni á að heimili landsins þurfi að taka á sig alla ábyrgð vegna verðtryggingarinnar á meðan lánveitendur eru tryggðir í bak og fyrir. Eins og kunnugt er þá hefur verðtryggingu aldrei verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD nema hér á landi.*

*Þing ASÍ skorar einnig á fjármálastofnanir að veita almenningi sambærileg lánakjör til íbúðakaupa og tíðkast í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.*

Fyrir liggur að tillagan er rétt fram borin sbr. 24. gr. laga ASÍ og ber miðstjórn að gefa umsögn um hana.

Lagt er til að fjallað verði um þessa tillögu Verkalýðsfélags Akraness með eftirtöldum hætti:

1. Tillagan verði kynnt undir liðnum „Húsnæðismál“ á þinginu.
2. Að lokinni kynningu og 1. umræðu verði tillögunum vísað til frekari umfjöllunar í málstofu um húsnæðismál.